

Ólafur Sigurðsson.



Frá
Byggingardeild
Verkfræðinga
félagsins:



VETRARSTARFIÐ

Í pistli þessum verður gerð stutt grein fyrir því sem félagið hefur staðið fyrir í vetur og því sem er á döfinni. Rétt er að vekja athygli á því afbragðssamstarfi, sem tekist hefur með Mannvirkjajarðfræðafélaginu um undirbúning og boðun funda. Til margra eftirtalinnna funda eru boðað sameiginlega af þessum tveimur félögum. Hafa ber í huga að margir eru félagsmenn í báðum félögum og áhugamálin svipuð þegar fjallað er um undirbúning meiri háttar framkvæmda t. d. virkjunarframkvæmda.

Fyrsti fundur vetrarins var um jarðgangagerð við Blöndu-virkjun og var vel sóttur. Fyrirlesari var staðarverkfræðingur Landsvirkjunar við Blöndu, Sveinn Þorgrímsson. Þá var boðað til fundar um jarðskjálftana í Mexico. Fundurinn var mjög fjölsóttur. Þar flutti erindi Júlíus Sólnes, sem sótti heim jarðskjálftasvæðin eins og kunnugt er. Að loknu erindi Júlíusar voru umræður um ástand þolhönnunar hér á Íslandi. Umræðuna hóf Hafsteinn Pálsson og alllíflegar umræður urðu í framhaldi af þeim inngangi. Um þessar mundir er töluverð umræða í gangi um þessi mál. Samstarf er við Iðntækni-stofnun Íslands, sem sér um útgáfu Íslenskra staðla og skipaði stjórnin mann í þá nefnd stofnunarinnar sem fjallar um útgáfu staðla. Hvorki VFÍ né BVFI hafa áður skipað mann til setu í þessari nefnd, þótt merkilegt megi virðast, þar sem þessi mál eru stéttinni allskyld, svo ekki sé meira sagt.

Ýmislegt er á döfinni fram á vorið. Fyrst ber að geta fundar með Gunnari Birgissyni, þar sem hann mun kynna niðurstöður rannsókna, sem hann gerði á eigintekjum Íslenskra hraunefna þegar hann vann að doktorsritgerð sinni fyrir nokkrum árum. Þessi fundur verður nú í lok janúar.

Á 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar hefur athyglin beinst að margs konar starfsemi borgarinnar. Rætt hefur verið við hafnarstjóra um kynningarfund um Reykjavíkurhöfn, en höfnin er eitt elsta stórmannvirki landsins. Allt frá fyrstu tíð hafa undirbúningsrannsóknir verið ítarlegar og mikið til af alls kyns gögnum, bæði sögulegum og fræðilegum. Við gerum okkur vonir um að fundurinn geti orðið með vorinu. Þá hefur verið rætt við borgarverkfræðing og gatnamálastjóra um fund, þar sem kynntar verði þær hugmyndir og framkvæmdir sem unnið er að í holræsamálum borgarinnar. Fundartími er óákveðinn.

Með hækkandi sól eru einnig væntanlegar kynnisferðir, ein eða fleiri. Hugmyndir um ferðir, sem komið hafa fram eru m. a. til Flugstöðvarinnar á Keflavíkflugvelli og til einhverra hinna fjölmörgu nýuppsprottinna laxeldisstöðva.

Stjórn félagsins vonast til þess að af flestum þessara hugmynda geti orðið og félagsmenn muni sýna þeim áhuga.

Lifið heil!

f.h. stjórnar BVFI

Ólafur Sigurðsson



HÁSKÓLI
ÍSLANDS



TÆKNISKÓLI
ÍSLANDS



BANDALAG
HÁSKÓLAMANNA



HÍK
HID ÍSLENSKA
KENNARAFÉLAG



VERKFRÆÐINGAFÉL.
ÍSLANDS



TÆKNIFRÆÐINGAFÉL.
ÍSLANDS

Arðsemisreikningar, gerð tölvulíkana

Efni: Markmið námskeiðsins er að kynna helstu aðferðir sem notaðar eru við mat á arðsemi fjárfestinga og kenna sérstaklega gerð reiknilíkana á tölvu. Meðal þess sem fjallað verður um eru núvirðisreikningar, innri vextir, fjárstreymi, fjármögnun, rekstrarfé, sköttun, næmnisathuganir og arðsemiskröfur. Lögð verður áhersla á að þátttakendur geri eigin líkön og vinni eigin verkefni með töflureikni. Námskeiðið er ætlað öllum þeim er fást við athuganir og mat á fjárfestingum og atvinnustarfsemi.

Leiðbeinendur: Geir A. Gunnlaugsson frkv.stj. Kísilmálmvinnslunnar hf. og Páll Jensson forstöðumaður Reiknistofnunar Háskólans.

Tími: 10.—14. febrúar, samtals í 18 klst.

Þátttökugjald: 6.500 kr.

Útboð, tilboð og verksamningar

Efni: Námskeiðið er ætlað verkkaupum, hönnuðum, verktökum, eftirlitsaðilum og öðrum er tengjast útboða- og tilboðagerð.

Á námskeiðinu verður m. a. fjallað um gerð útboðsgagna, ÍST 30, lögfræðileg atriði við samningsgerð, útboðsaðferðir, upp- og verðbætur, váttryggingar og verkábyrgðir, verksamninga — víti til að varast, kröfur, gerðardóm og ágreiningsmál.

Leiðbeinendur: Jónas Frímansson verkfræðingur hjá Ístaki hf. sem jafnframt er umsjónarmaður námskeiðsins, Baldur Jóhannesson verkfræðingur hjá Hnit hf., Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmöður og Þorvarður Sæmundsson lögfræðingur hjá almennum Tryggingum hf.

Tími — Þátttökugjald: Námskeiðið verður haldið dagana 26. og 27. febrúar, kl. 13.00—19.00 eða samtals í um 12 klst.

Þátttökugjald: 3.800 kr.

Framleiðni og japönsk framleiðslustjórnunin

Efni: Námskeiðið er ætlað verk- og tæknifræðingum, viðskiptafræðingum og öðrum er stórna framleiðslufyrirtækjum.

Framleiðsluferfi: Samfellt flæði, verkstæði, serluframleiðsla, blandað kerfi, framleiðslulína háð vél og framleiðslulína háð starfsmanni. **Úrbætur á framleiðsluferfum:** Flöskuhálsar, stýring mannafla, birgða og gæða, breyting á framleiðslugetu, tæknibreytingar, „vertical integration“ og stefnumótun framleiðslu fyrirtækja. **Framleiðni:** Stefnumótun og framleiðni, ástæður íttillar framleiðni, leiðir til framleiðniaukningar og framleiðnimælingar. **Japönsk framleiðslustjórnun:** Minnkun birgða, („just in time“ og „kanban“), stytting stillitíma og skipulag framleiðsluferfa.

Leiðbeinandi: Dr. Ingjalður Hannibalsson dósent Háskóla Íslands og forstöðumaður Iðntækni-stofnunar Íslands.

Tími: 3.—7. mars kl. 15.00—19.00 og 8. mars kl. 9.00—17.00.

Þátttökugjald: 5.500 kr. auk bókakostnaðar.

Skráning þátttakenda fer fram á skrifstofu H.Í., sími 25088, en allar frekari upplýsingar veitir Margrét S. Björnsdóttir, endurmenntunarstjóri, sími 23712.

